



**KVENNASKÓLINN  
Í REYKJAVÍK**



## **Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2018 – 2019**

Október 2019

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
1.1 Verk- og framkvæmdaáætlun 2018 – 2019 .....	4
1.2 Tölulegar upplýsingar.....	5
Innritun nýnema haustið 2018 .....	5
Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum.....	5
Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni .....	5
Meðalaldur nemenda (ár) .....	5
Fjöldi brautskráðra stúdenta vorið 2019 eftir námsbraut og alls .....	6
Viðveruskráning nemenda haustið 2018 og vorið 2019 .....	6
Brotthvarf.....	6
2. Niðurstöður.....	7
2.1 Kennslumat/áfangamat .....	7
Svör: Áfangamat haust 2018 og vor 2019 .....	7
Svör: Kennslan haust 2018 og vor 2019.....	7
Svör: Mat nemenda á eigin frammistöðu haust 2018 og vor 2019 .....	7
2.2 Foreldra- og nýnemakönnun .....	8
Helstu niðurstöður: .....	8
2.3 Könnun frá Rannsóknunum og greiningu 2018.....	9
Hér má sjá niðurstöður nemenda í Kvennaskólanum í samanburði við aðra skóla .....	9
2.4 Viðhorfskönnun – nemendur á 3. ári.....	10
Helstu niðurstöður .....	10

2.5	Hvað segja útskrifaðir nemendur .....	11
	Helstu niðurstöður .....	11
2.6	Unnið með niðurstöður úr Skólapúlsinum frá skólaárinu 2017-2018 .....	12
	Svör við spurningum og tillögur að mögulegum lausnum .....	13
	Aðgerðir á skólaárinu 2018-2019.....	14
2.7	Starfsmannakönnun .....	15
	Helstu niðurstöður .....	15
2.8	Stofnun ársins .....	15
	Helstu niðurstöður: Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs .....	16
2.9	Rýnihópar (vinnuhópar) kennara .....	17
3	Greining á niðurstöðum .....	17
3.1	Styrkleikar .....	17
3.2	Tækifæri til umbóta .....	18
4	Markmið og úrbætur .....	18
4.1	Eldri markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2018 – 2019 .....	18
4.2	Markmið og úrbætur sem stefnt skal að á skólaárinu 2019 – 2020 .....	19

# 1. Inngangur

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður upp á hefðbundið bóknám til stúdentsprófs (200 einingar) á þremur námsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Námið er eingöngu staðnám og námstími er sveigjanlegur 3 - 4 ár en stefna skólans er að sem flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá árinu 1996 og 2008 (kafla VII) er gert ráð fyrir því að framhaldsskólar innleiði aðferðir til sjálfsmats á starfi sínu þar sem lítið er til kennslu- og stjórnunarháttá á samt samskipta innan skólans sem og út á við. Innra mati er þannig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Matið og umbótaáætlun byggjast á útkomu úr sjálfsmati fyrri skólaára og stefnu skólans til þriggja ára um opinber fjármál sem skólinn skilaði til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins haustið 2017.

Innra mat Kvennaskólans fer annars vegar fram með því að lagðar eru fyrir með skipulögðum hætti kannanir fyrir þá sem hlut eiga að máli hverju sinni; nemendur, starfsfólk og foreldra. Hins vegar er innra matið fólgið í mælingum á árangri skólastarfsins sem meðal annars lýtur að hlutfalli brautskráðra stúdenta, gengi þeirra í háskóla, skólasókn og brotthvarfi.

Eitt af markmiðum skólaársins var að stofna sjálfsmatshóp og koma innra mati á skólastarfinu þannig í fastara form. Helstu áskoranir sjálfsmatshópsins, sem skipaður var haustið 2018, var að setja fram og fylgja eftir kerfisbundnu skipulagi í sjálfsmati skólans og undirbúa þátttöku í ytra mati sem fór fram á vorönn 2019.

Þetta skólaár sátu í sjálfsmatshóp: Björk Þorgeirsdóttir (formaður) frá desember, Hjalti Jón Sveinsson skólameistari, Oddný Hafberg aðstoðarskólameistari, Guðný Rún Sigurðardóttir fjármálastjóri, Grétar Skúlason kennari og Jóhanna Björk Guðjónsdóttir kennari.

Sjálfsmatsskýrslan sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið í Kvennaskólanum skólaárið 2018-2019.

## 1.1 Verk- og framkvæmdaáætlun 2018 – 2019

Haustönn 2018	Vorönn 2019
<b>Setja á laggirnar sjálfsmatshóp og koma á formlegu og kerfisbundnu sjálfsmati:</b> → Hópurinn hóf formlega störf í nóvember 2018. Kennarafélag skólans hafði milligöngu um að velja fulltrúa kennara í hópinn. → Stofnaður var hópur á Workplace og í O365 fyrir samskipti og gagnamiðlun.	<b>Þjónustukönnun meðal nemenda:</b> → Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur á 3. ári <b>Kennslumat/áfangamat:</b> → Félagsgreinar, saga og íþróttir (apríl 2019) → Stjórnendamat (heimsóknir í kennslustundir) og starfsmannasamtöl í kjölfarið
<b>Undirbúin þátttaka í ytra mati á skólanum sem fram fór á vorönn 2019:</b> → Starf sjálfsmatshópsins og undirbúningur fyrir ytra mat á skólanum kynnt á kennarafundi 11. janúar 2019.	<b>Kennarar sem fara í kennslumat fá tækifæri til að tjá sig um sína hópa.</b> <b>Þátttaka í Stofnun ársins:</b> → Markmið að auka þátttöku starfsmanna í könnuninni
<b>Gerð nákvæm áætlun um viðfangsefni vetrarins:</b> → Áætlun uppfærð í febrúar 2019 og í september 2019 samhliða gagnaöflun og	<b>Könnun lögð fyrir útskrifaða nemendur:</b> → Spurningakönnun send nemendum sem útskrifuðust vorið 2015

<p>yfirferð sem farið var í í tengslum við ytra mat á skólanum.</p> <p><b>Forráðamenn nýnema svara könnun um móttöku nýnema, samskipti við skólann og líðan barna þeirra í skólanum (október/nóvember 2018):</b></p> <p>→ Eitt af markmiðum skólans er að bæta móttöku nýnema og efla bekkjaranda</p> <p><b>Nýnemar svara könnun um móttöku skólans og hversu ánægðir þeir eru að hafa valið skólann:</b></p> <p>→ Könnun í INNU send til nýnema í október/nóvember 2018</p> <p><b>Kennslumat (áfangamat):</b></p> <p>→ Erlend tungumál og stærðfræði → Stjórnendamat (heimsóknir í kennslustundir) og starfsmannasamtöl í kjölfarið</p> <p><b>Kennarar sem fara í kennslumat fá tækifæri til að tjá sig um sína hópa/bekki:</b></p> <p>→ Opið samhliða kennslukönnun þannig að kennarar geta lagt mat á hvernig starfið með bekknum/hópnum gekk á önninni.</p> <p><b>Könnun fyrir starfsfólk:</b></p> <p>→ Spurt um húsping sem er skipulagður endurmenntunardagur í skólanum (nóvember 2018)</p>	<p><b>Rýnt í ýmis gögn og talnagögn í tengslum við ytra mat á skólanum:</b></p> <p>→ Yfirferð á gátlistum sem notaðir eru við ytra mat.</p> <p><b>Unnið með niðurstöður úr Skólapúlssi:</b></p> <p>→ Niðurstöður frá hausti 2017 → Allir nemendur skólans tóku þátt í vinnuhópum</p> <p><b>Könnun frá Rannsóknnum og greiningu:</b></p> <p>→ Lögð fyrir í október 2018, niðurstöður fyrir skólann sendar á vorönn 2019. Farið yfir niðurstöðurnar í sjálfsmatshópnum og þær kynntar fyrir starfsmönnum.</p> <p><b>Vinnuhópar kennara (rýnihópar):</b></p> <p>→ Viðhorf kennara til skólans → Í kjölfar yfirferða á gátlistum sem fylgdu ytra matinu voru kennarar beðnir um svara hvaða breytingar þeir vildu sjá í skólanum (starfsemi, húsnæði, skipulag náms o.s.frv.)</p>
--	---

## 1.2 Tölulegar upplýsingar

### Innritun nýnema haustið 2018

	Karlar	Konur	Samtals
Haust 2018	69	147	216

### Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum

Námsbraut	Haust 2018				Vor 2019			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	71	81	65	7	68	76	68	1
Hugvísindabraut	27	0	16	3	24	0	16	0
Náttúruvísindabraut	121	116	105	1	118	114	103	0

### Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni

Námsbraut	Haust 2018			Vor 2019		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	48	176	0	44	169	0
Hugvísindabraut	11	35	0	8	32	0
Náttúruvísindabraut	111	232	0	105	230	0

### Meðalaldur nemenda (ár)

Námsbraut	Haust 2018	Vor 2019
Félagsvísindabraut	16,9	17,4

Hugvísindabraut	16,7	17,0
Náttúruvísindabraut	16,7	17,1

### Fjöldi brautskráðra stúdenta vorið 2019 eftir námsbraut og alls

Námsbraut	Vor 2019
Félagsvísindabraut	59
Hugvísindabraut	16
Náttúruvísindabraut	96
<b>Alls</b>	<b>171</b>

Eitt af meginmarkmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast nái að brautskrást og einnig að þeir nái að brautskrást sem stúdentar á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi eða velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka stúdentsprófi. Í þriðja bekk vorið 2019 voru 187 nemendur, brautskráðir vorið 2019 voru 171 (91,4%). Haustið 2016 innrituðust 233 nemendur í 1. bekk af þeim útskrifuðust 171 vorið 2019 og 13 stefna að útskrift haustið 2019 og 5 vorið 2020. Útskriftarhlutfall þessa innritunarhóps frá 2016 stefnir því í að verða rúmlega 80%.

### Viðveruskráning nemenda haustið 2018 og vorið 2019

(sem hlutfall af heildartímafjölda)

	Haut 2018	Vor 2019
Mæting	93%	90,8%
Veikindi	3,2%	4,6%
Of seint	0,6%	0,6%
Leyfi	1,4%	1,6%
Óútskýrð fjarvera	1,8%	2,4%

Fyrir 96 -100% raunskólasókn fá nemendur eina skólasóknareiningu á önn. Á haustönn fengu 52% nemenda skólasóknareiningu en 34,7% nemenda á vorönn.

### Brotthvarf

Markmið skólans er að sem flestir nemendur sem innritast í skólann útskrifist frá honum á tilsettum tíma. Ef nemandi hættir þá er reynt að komast að því hvaða skýringar liggja að baki. Ef skýringar liggja ekki fyrir er hringt í nemendur og þeir spurðir hvers vegna þeir kusu að hætta og svör þeirra skráð. Námstjóri og aðstoðarskólameistari hafa séð um að afla þessara gagna.

Haustönn 2018 Fjöldi	Skýring	Vorönn 2019 Fjöldi	Skýring
1	Veikindi	2	Fóru í annan skóla
		2	Veikindi
		2	Áhugaleysi

Alls sagði því einn nemandi sig úr skólanum á haustönn 2018 (0,16%) og sex nemendur á vorönn 2019 (1%).

## 2. Niðurstöður

### 2.1 Kennslumat/áfangamat

Á hverri önn er miðað við að 1/3 kennslugreina fari í kennslumat/áfangamat og hver kennari fari ekki sjaldnar í kennslumat og starfsmannasamtal en á tveggja ára fresti. Á haustönn 2018 fór fram kennslumat í erlendum tungumálum og stærðfræði og á vorönn 2019 fór fram kennslumat í félagsgreinum, sögu og íþróttum. Matið fer fram í Innu og er tilgangurinn að kennarar og stjórnendur fái vísbindingar um hvernig til hafi tekist í einstökum áföngum og/eða námsgreinum. Kennarar sjá niðurstöður sínar úr kennslukönnunum í Innu og eru þær ræddar og rýndar í starfsmannasamtölum við skólameistara, aðstoðarskólameistara eða námstjóra.

Á haustönn 2018 var svarhlutfallið 74% en 59% á vorönn. Nemendur svara kennslukönnun/áfangamati í INNU og skiptast spurningarnar í þrjá flokka; einn snýr að áfanganum, annar að kennslunni og kennaranum og í þeim þriðja leggur nemandinn mat á eigin frammistöðu.

Svör: Áfangamat haust 2018 og vor 2019

	Áfangamat	Haut 2018	Vor 2019
		Mjög/frekar sammála	Mjög/frekar sammála
<i>Grunnnámsgögn áfangans eru góð</i>		78%	73%
<i>Viðbótarnámsefni frá kennara er gott</i>		72%	74%
<i>Ánægja með fyrirkomulag námsmats í áfanganum</i>		81%	86%
<i>Vinnuálag í áfanganum miðað við einingafjölda er hæfilegt</i>		72%	81%

Svör: Kennslan haust 2018 og vor 2019

	Kennslan	Haut 2018	Vor 2019
		Mjög/frekar sammála	Mjög/frekar sammála
<i>Kennarinn er skipulagður og kemur undirbúinn í kennslustundir</i>		86%	92%
<i>Leitast er við að hafa fjölbreytni í kennsluháttum</i>		56%	77%
<i>Kennarinn er jákvæður og hvetjandi í garð nemenda</i>		74%	84%
<i>Kennarinn hefur góða þekkingu á námsefninu</i>		93%	96%
<i>Kennarinn nær að vekja áhuga nemenda á námsefninu</i>		56%	73%
<i>Kennarinn sýnir áhuga á að nemendur taki framförum</i>		79%	82%

Svör: Mat nemenda á eigin frammistöðu haust 2018 og vor 2019

	Mat á eigin frammistöðu (nemendur)	Haut 2018	Vor 2019
		Mjög/frekar sammála	Mjög/frekar sammála
<i>Ég sýni áhuga og vinn vel í kennslustundum</i>		86%	89%
<i>Ég mæti vel og stundvíslega í kennslustundir</i>		95%	94%
<i>Ég sinni heimanámi vel</i>		82%	83%
<i>Ég leita til kennarans ef ég þarf aðstoð við námið</i>		75%	89%
<i>Ég vinn að því að ná sífellt betri tókum á námsefninu</i>		92%	86%

Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda við þeim spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.

Niðurstöðurnar benda til þess að nemendur telji vinnuálag almennt hæfilegt miðað við einingafjölda og eru ánægðir með námsgögn sem notuð eru. Þeir telja kennara hafa góða þekkingu á námsefninu og sýni áhuga á því að nemendur taki framförum. Nemendur telja sig

mæta vel og vilja ná sífellt betri tókum á námsefninu. Við þurfum þó að skoða sérstaklega mun á milli anna og þá námsgreina hvað varðar fjölbreytni í kennsluháttum. Eins þarf að fara aftur yfir spurningar í kennslu-/áfangamati í samráði við kennara og setja markmið hvað varðar einstaka þætti og fylgja betur eftir niðurstöðum þannig að auðveldara verði að bera saman niðurstöður milli ára, áfanga, kennara og/eða kennslugreina.

Samhliða kennslu-/áfangamati sem lagt er fyrir nemendur í Innu fengu kennarar tækifæri til að tjá sig um sína hópa. Þannig gátu kennarar svarað því hvort það væri eitthvað sem þeir teldu mikilvægt að kæmi fram varðandi kennslu í ákveðnum bekk og/eða áfanga. Þannig værum við að safna saman upplýsingum um þætti sem geta haft áhrif á kennslumatið s.s. þegar verið er að taka inn nýtt námsefni og/eða breyta námsmati. Í hvaða stofum áfanginn er kenndur og hvernig vinnuandinn er í hópunum. Þessar upplýsingar á að skoða á sama tíma og kennslumat frá nemendum og þar með eru þær hluti af starfsmannasamtali við stjórnendur. Þetta var fyrst gert haustið 2018 og fengum við svar frá einum kennara sem tilgreindi að áfanginn væri kenndur í fyrsta sinn og væri því í þróun.

Á næstu önn eftir að kennslu- og áfangamat hefur farið fram boða stjórnendur viðkomandi kennara í viðtal. Stuðst er við ákveðið form sem báðir aðilar hafa til hliðsjónar þegar viðtalið er tekið og eiga þeir kost á að skrifa athugasemdir við hvern þátt viðtalsins. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og námstjóri annast viðtölin. Markmiðið er að hver starfsmaður skólans fari í starfsmannaviðtal á tveggja ára fresti hið minnsta. Áður en viðkomandi kennari er boðaður í viðtal koma hann og sá stjórnandi sem tekur viðtalið sér saman um heimsókn þess síðarnefnda í kennslustund. Stjórnandi er viðstaddur eina kennslustund (eina klukkustund) og fylgist þar með kennsluháttum, samskiptum kennara og nemenda, samskiptum nemenda innbyrðis, þátttöku nemenda, agastjórnun, skipulagi o.s.frv. Þessar heimsóknir eru undirbúningur stjórnanda fyrir starfsmannaviðtal við kennarann sem byggir þá bæði á mati nemenda og stjórnenda.

## 2.2 Foreldra- og nýnemakönnun

Eitt af markmiðum skólans er bæta móttöku nýnema. Í október 2018 svöruðu nýnemar og forráðamenn nýnema könnun þar sem m.a. var spurt um móttöku nýnema, kynningar á skólanum og hvort þeir væru ánægðir með að hafa valið Kvennaskólann.

Könnun var send til foreldra/forráðamanna í tölvupósti í október 2018 og svarhlutfallið var 54% (alls 395 netföng en 213 svör bárust). Nýnemar svöruðu könnun í gegnum Innu, alls 219 nýnemar, 181 svör bárust og var því svarhlutfallið 83%.

Helstu niðurstöður:

- 96% foreldra/forráðamanna voru mjög eða frekar ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum
- 98% foreldra/forráðamanna og 89% nýnema voru mjög eða frekar ánægð með móttöku nýnema haustið 2018
- 85% foreldra/forráðamanna og 91% nýnema voru mjög eða frekar ánægð með skipulag og framkvæmd nýnemaferðarinnar
- Meirihluti foreldra/forráðamanna (64% – 72%) notar Innu til að fylgjast með viðveru og námsárangri barna sinna (t.d. einkunnum og verkefnaskilum)
- 76% foreldra/forráðamanna voru ánægð með kynningarfund fyrir forráðamenn nýnema sem haldinn var í ágúst 2018
- Mun fleiri nýnemar (52%) en foreldrar/forráðamenn (25%) mættu á opið hús í Kvennaskólanum sem haldið var í mars 2018
- 97% foreldra/forráðamanna töldu barnið sitt ánægt í skólanum



→ 97% foreldra/forráðamanna og 94% nýnema eru ánægð með að hafa valið Kvennaskólann

Til viðbótar gafst foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör við þeim voru tekin saman og rædd við viðeigandi aðila í skólanum. Hér bárust m.a. ábendingar varðandi þátttöku nýnema í félagslífi skólans sem voru ræddar á fundi með stjórn nemendafélagsins og aðgengi að mat í mötuneyti en þar myndast langar raðir og því ákveðið að nýta betur tvískipt hádegi og jafna þannig fjölda bekkja sem eru í fyrra og seinna hádegishléi.

### 2.3 Könnun frá Rannsóknnum og greiningu 2018


Í stefnu skólans til þriggja ára sem send var Mennta- og menningarmálaráðuneytinu haustið 2017 voru m.a. markmiðin:


- ✓ Að skima fyrir brotthvarfshættu
- ✓ Að viðhalda þeim skólabrag sem felst í að koma til móts við alla nemendur og huga vel að hverjum og einum

Niðurstöður könnunar sem Rannsóknir & greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum í október 2018:

Til að átta okkur á brotthvarfshættu nemenda í skólanum er mikilvægt að kanna hvort nemendur neyti vímuefna, fái nægan svefn og/eða hvort nemendur sjái tilgang með náminu, hafi aðgang að stoðþjónustu og að þeim líði vel í skólanum. Árið 2018 fengust gild svör frá 10.259 nemendum af þýðinu og var svarhlutfall því tæp 71% í könnuninni árið 2018. Í þessari könnun var spurt um vímuefna- og tóbaksneyslu, félagslega þætti s.s. viðhorf og vanda í námi og heilsu og líðan. Þátttakendur voru dagskólanemendur framhaldsskólanna og voru spurningalistar lagðir fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi. Gífurlegt stökk virðist vera á neyslu milli lokaársins í grunnskóla og fyrsta bekkjar í framhaldsskóla og sýnt þykir að sá árangur sem náðst hefur meðal ungmenna á grunnskólastigi á undanförunum árum mun ekki nást meðal eldri ungmenna nema með samstarfi allra þeirra aðila sem koma að uppeldi og daglegu lífi þessara ungmenna.

Hér má sjá niðurstöður nemenda í Kvennaskólanum í samanburði við aðra skóla:





Nemendur í Kvennaskólanum eru ánægðir með kennsluna, aðgengi að kennurum og náms- og starfsráðgjöfum og telja að miklar kröfur séu gerðar til þeirra í náminu. Þessar niðurstöður benda einnig til þess að í samanburði við aðra framhaldsskólanemendur séu nemendur í Kvennaskólanum undir meðaltali í neyslu á tóbaki og vímuefnum, þeim finnst aðgengi að ráðgjöf kennara og náms- og starfsráðgjöfum gott. Niðurstöðurnar segja okkur líka að við þurfum að efla fræðslu um mikilvægi svefnis, neyslu á orkudrykkjum og skoða líðan nemenda betur eftir kyni.

## 2.4 Viðhorfskönnun – nemendur á 3. ári

Markmið með þessari könnun var að kanna viðhorf nemenda til skólans, þjónustunnar sem skólinn veitir og námsins með það fyrir augum að koma betur til móts við óskir og/eða þarfir nemenda. Könnun var lögð fyrir nemendur á 3. ári í Innu í mars 2019, svarhlutfallið var 81%.

Helstu niðurstöður:

- 75% töldu sig hafa verið mjög eða frekar vel undirbúin undir námið í Kvennaskólanum þegar þeir hófu nám. Til samanburðar þá töldu 79,5% nemenda sig mjög eða frekar vel undirbúin undir námið í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 3. bekk í maí 2012.
- Meirihluti nemenda eða 77% töldu mjög eða frekar líklegt að skólinn yrði aftur fyrir valinu.
- 88% töldu mjög eða frekar líklegt að þeir myndu mæla með skólanum.

- Almenn ánægja var með námsframboð í skyldunámi (kjarna) á námsbrautum skólans.
  - 94% nemenda á félags- og hugvísindabrautum voru mjög eða frekar ánægðir
  - 90% nemenda á náttúruvísindabraut voru mjög eða frekar ánægðir
- Nemendur á náttúruvísindabraut voru ánægðastir með námsframboð á valáföngum (88%), 75% nemenda á hugvísindabraut voru mjög eða frekar ánægðir og 73% nemenda á félagsvísindabraut.
- 87% nemenda voru mjög eða frekar ánægðir með framboð á vörum í mötuneytinu. 95% mjög eða frekar ánægð með þjónustu starfsfólks í mötuneytinu og einungis 4% nemenda sögðust ekki nota mötuneytið í skólanum.
- Um 40% nemenda nota ekki bókasafnið í skólanum en þar er les- og vinnuaðstaða fyrir nemendur.
- 94% nemenda sem hafa leitað til náms- og starfsráðgjafa í skólanum eru mjög eða frekar ánægð með þjónustu námsráðgjafa, 28% nemenda hafa ekki nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa.
- Á vorönn var í fyrsta sinn boðið upp á sálfræðiþjónustu innan skólans, 72% nemenda höfðu ekki þurft að leita til sálfræðings í skólanum og 79% nemenda sem leituðu til sálfræðings í skólanum voru mjög eða frekar ánægðir með aðgengi að skólasálfræðingi.
- 99% nemendur voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu starfsfólks á skrifstofu skólans og einungis 1% nemenda hefur ekki þurft að leita til skrifstofunnar.
- Nemendur voru almennt mjög eða frekar ánægðir með viðmót stjórnenda (90%) og aðgengi að stjórnendum (93%). 33% nemenda höfðu ekki þurft að leita til stjórnenda skólans.

Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í þremur opnum spurningum. Svör við þeim spurningum voru tekin saman og rædd við viðeigandi aðila í skólanum. Hér bárust m.a. ábendingar varðandi félagslífið sem voru ræddar á fundi með stjórn nemendafélagsins, kennsluaðferðir og námsmat í ákveðnum námsgreinum sem ræddar voru við viðkomandi kennara.

## 2.5 Hvað segja útskrifaðir nemendur

Eitt af markmiðum skólans er að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms og því er mikilvægt að fá svör frá útskrifuðum nemendum. Könnun var send í tölvupósti í apríl 2019 til nemenda sem útskrifuðust vorið 2015. Alls útskrifuðust 155 nemendur þetta vor og við eftirgrennslan fundust 135 virk einkanetföng hjá þátttakendum. 126 nemendur svöruðu spurningu 1 (Á hvaða braut varst þú?) og 2 (Först þú í nám eftir stúdentspróf?) sem gerir 93% svarhlutfall, 104 svöruðu allri könnuninni sem gerir 77% svarhlutfall.

Markmiðið með þessari könnun var að fá upplýsingar um hvort útskrifaðir nemendur úr skólanum hafi farið í nám eftir stúdentspróf eða stefni á að fara í nám. Kanna viðhorf nemenda til námsins og skólans og hvort þeir telji að námið í Kvennaskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám, vinnu og/eða samfélagslega þátttöku.

Helstu niðurstöður:

- 88% fóru í nám eftir stúdentspróf
- 26% voru búin að ákveða í hvaða nám þeir ætluðu þegar þeir voru í Kvennaskólanum
- 85% töldu að námið í skólanum hefði verið góður undirbúningur fyrir frekara nám
- 67% töldu að miklar kröfur hefðu verið gerðar til þeirra í náminu í Kvennaskólanum

- 18% töldu námið í Kvennaskólanum hafa verið of létt
- 57% töldu að námið í Kvennaskólanum hefði verið góður undirbúningur fyrir þátttöku á vinnumarkaði
- 81% töldu að námið í Kvennaskólanum hefði verið góður undirbúningur fyrir samfélagslega þátttöku
- 91% töldu líklegt að þeir myndu mæla með námi við Kvennaskólann.

Til viðbótar gafst þátttakendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í þremur opnum spurningum:

**1. Nefndu það sem þér fannst vel gert og gott í náminu þínu í Kvennaskólanum.**

Það sem helst var nefnt var eftirfarandi:

- a. Ánægja með starfsfólk skólans, sérstaklega kennarana og kennsluna í skólanum
- b. Gott andrúmsloft (skólamenningin), skólinn persónulegur og heimilislegur
- c. Skipulag námsins, skipting í kjarna- og valáfanga og fjöldi valáfanga í 3. bekk
- d. Ánægja með námsgreinarnar náms- og starfsval, lokaverkefni og kynjafræði og kennsluaðferðir þar sem áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð (t.d. í efnafræði) og að nota námsgögn á ensku (efna-, eðlis- og stærðfræði)

**2. Hvað fannst þér betur mega fara varðandi námið í Kvennaskólanum**

Það sem helst var nefnt var eftirfarandi:

- a. Meiri stærðfræði fyrir nemendur á félagsvísindabraut
- b. Vantar forritunar- og tölvufræðiáfanga fyrir nemendur
- c. Vantar áfanga í fjármálalæsi
- d. Meiri kröfur

**3. Viltu koma einhverju sérstöku á framfæri varðandi Kvennaskólann?**

Það sem helst var nefnt var eftirfarandi:

- a. Flestir nefndu kennarana í skólanum. Persónuleg tengsl, stuðning, hvatningu og hæfni í mannlegum samskiptum
- b. Vináttu, þ.e. að hér hafi þeir eignast vini fyrir lífstíð
- c. Jafnrétti og ánægju með femínískt uppeldi sérstaklega í félagsgreinum
- d. Vildu að skólinn legði meiri áherslu á stærðfræði, læra meira um vinnumarkaðsmál og bankaviðskipti og að skólinn ætti að bjóða upp á meira nám í tækni (tölvur).

Þessar niðurstöður benda til þess að nemendur frá okkur útskrifast vel undirbúnir fyrir framhaldsnám. Þeir eru ánægðir með kennsluna og skólabraginn. Ábendingar þeirra varðandi námsáfanga verða notaðar við skipulag og framboð valáfanga í skólanum í næstu framtíð.

## 2.6 Unnið með niðurstöður úr Skólapúlsinum frá skólaárinu 2017-2018

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í nóvember 2017 eftir þriggja ára hlé. Skólapúlsinn kannar meðal annars skólabrag, ástundun og líðan nemenda í skólanum. Samkvæmt mælingum úr Skólapúlsinum var þörf á að grípa til einhverra aðgerða vegna þess að einelti mældist 10,4% (var 7,5% árið 2014) og áreiti og ofbeldi í skólanum og á viðburðum á vegum skólans mældist 30,1% (var 24% árið 2014). Brýn þörf var því á að bregðast við þessum niðurstöðum. Hópur áhugasamra kennara undir stjórn jafnréttisfulltrúa og stjórn nemendafélagsins ákváðu í samráði við stjórnendur skólans að nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða. Ákveðið var að búa til kynningarmyndband þar sem fjallað var um niðurstöðurnar og verkefni sem allir nemendur skólans voru beðnir að vinna.

Í janúar 2019 voru umsjónarkennarar beðnir um að leggja verkefnið fyrir sinn umsjónarbekk. Þátttakendur voru beðnir um að skoða niðurstöðurnar úr Skólapúlsum og vinna í hópum þar sem þeir ræddu og skráðu birtingarmyndir þeirrar tölfraði sem var til skoðunar og svo mögulegar lausnir sem hægt væri að grípa til í skólanum. Einnig gátu þeir sem ekki treystu sér til að opna sig um efnið í hóp með bekkjarfélögum sínum eða voru fjarverandi þennan dag að senda svör sín inn á sömu móttökusíðu sem var útbúin á netinu í gegnum google.docs. Öll svör voru nafnlaus og órekjanleg til þátttakenda.

Umsjónarkennarar voru jafnframt beðnir um að hafa í huga að þó það væri mikilvægt að allir tækju þátt þá væri þörf á að láta nemendur vita daginn áður því þarna var verið að spyrja um kynferðislegt ofbeldi, kynferðislega áreitni, ofbeldi og eineltismál sem ekki allir treystu sér til að ræða í hóp.

Svör við spurningum og tillögur að mögulegum lausnum

Hér má sjá spurningarnar sem unnið var með, svör nemenda og tillögur sem komu fram sem mögulegar lausnir.

*Hafið þið heyrt af nemanda/nemendum sem hefur/hafa orðið fyrir barsmíðum eða öðru líkamlegu ofbeldi í skólanum eða á viðburðum skólans?*

Svör:	Mögulegar lausnir:
<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Langflestir nefndu skólaböll og flestir höfðu sömu slagsmál í huga.</li> <li>✓ Flestir telja þetta vandamál tengt nemendum (strákum) og oftast en ekki strákum sem eru úr öðrum skólum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Herða reglur um aðgang utanskóla nemenda á böllum. Innanskólanemendur sem kaupa miða fyrir utanskólanemendur verði látnir sæta meiri ábyrgð.</li> <li>✓ Herða gæslu hvað varðar drykkju þar sem flestir þeirra sem slást virðast drukkknir.</li> </ul>

1) *Hafið þið heyrt af nemanda/nemendum sem hefur/hafa verið niðurlægður/ir fyrir framan aðra í skólanum eða á viðburðum á vegum skólans?*

Svör:	Mögulegar lausnir:
<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Varðandi nemendur: Flestir töldu upp einhver tilvik. Sumir nefndu bekkjaranda. Flestir töluðu sérstaklega um tvö tilvik þar sem nemendur niðurlægðu aðra nemendur fyrir framan stóran hluta nemendahópsins.</li> <li>✓ Nemendur upplifðu niðurlægingu þegar kennari fór óvarlega með persónulegar upplýsingar og gert var lítið úr nemanda vegna slaks gengis í námi. Nemendur nefndu einnig óviðeigandi skot með kynferðislegum undirtóni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Athuga að brýna fyrir nemendum að bera virðingu fyrir þeim sem eru að bjóða sig fram til embætta (eða sinna slíkum embættum) virðingu.</li> <li>✓ Athuga að brýna fyrir nemendum að sýna almennt hver öðrum virðingu.</li> <li>✓ Setja þeim sem sækjast eftir embættum siðareglur og að reglur um hegðun í kosningabaráttu verði dregnar fram með meira afgerandi hætti.</li> <li>✓ Brýna fyrir kennurum að fara eftir siðareglum kennara. Hafa meiri og markvissari fræðslu um samskipti nemenda og kennara í upphafi hvers skólaárs.</li> </ul>

2) *Hafið þið heyrt af nemanda/um sem hefur/hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni (t.d. snertingu sem viðkomandi vildi ekki, kynferðislegum athugasemdum eða uppnefni) í skólanum eða á viðburðum á vegum skólans?*

Svör:	Mögulegar lausnir:
<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Langflestir nefna böllin og í öllum tilfellum nema einu kvörtuðu stelpur undan hegðun stráka.</li> <li>✓ Kvartað undan gæslunni á böllum. Hún sé stundum ónærgætin þegar verið er að leita á fólki.</li> <li>✓ Aðrir viðburðir sem voru nefndir voru: miðstjórnarferðin, nýnemaferðin, bústaðaferðir, útilegan og partý.</li> <li>✓ Nokkrar stelpur kvarta yfir karlkyns samnemendum sínum sem eru með óþægilega mikla snertingu og koma með óviðeigandi athugasemdir með kynferðislegum undirtóni í skólanum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Tala við gæsluna, bæði varðandi það að vera meira meðvituð gangvart áreitni á böllum og biðja gæsluna um að gæta hófs í þukli.</li> <li>✓ Hafa örugg svæði á viðburðum skólans sem er ekki sjúkrahverbergið. Á örugga svæðinu væri hægt að leita til starfsfólks.</li> <li>✓ Ítreka enn betur að ölvun ógildi miðann og láta koma fram fyrir hvert ball að engin kynferðisleg áreitni verði liðin.</li> <li>✓ Hafa ítarlegri fræðslu á hverju hausti um kynferðislega áreitni og mörk fyrir fyrsta árs nema og fá fræðslu á hverju ári fyrir allan nemendahópinn.</li> <li>✓ Kynna betur áætlun skólans um viðbrögð við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi. Hengja upp á göngum skólans.</li> </ul>

3) *Hafið þið heyrt af nemanda/nemendum sem hefur/hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (þvinguð/þvingaður til kynlífsathafna sem viðkomandi vildi ekki?)*

Svör:	Mögulegar lausnir:
<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Tveir hópar drógu í efa að kynferðislegt ofbeldi ætti sér stað í skólanum eða á viðburðum á vegum skólans.</li> <li>✓ Nemendur vissu af kynferðisbrotum sem höfðu átt sér stað og þá sérstaklega í kringum skólaböll. Sömuleiðis var miðstjórnarferðin nefnd.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Tala við gæsluna og fá starfsmenn hennar til þess að vera sérstaklega meðvitaða um kynferðislegt ofbeldi á böllum.</li> <li>✓ Kynna betur áætlun skólans um viðbrögð við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi.</li> </ul>

Nemendur töldu mikilvægast að auka fræðslu af allskyns toga, bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Fræðslu þar sem lögð væri áhersla á að nemendur þori að stíga fram og benda á þegar einhver fer yfir strikið. Þeir töldu einnig mikilvægt að umsjónarkennarar boðuðu nemendur sína í viðtöl og að skipuleggja ætti fleiri viðburði á vegum einstakra bekkja til að þjappa hópunum betur saman. Nemendur vildu að það væri skýrt hvert þolendur ættu að leita og lögðu áherslu á að kynjafræði yrði skylduáfangi fyrir alla nemendur skólans.

Aðgerðir á skólaárinu 2018-2019:

- Kennarar fengu nemendur til þess að setja upp kynningarefni fyrir samnemendur sína á einum gangi Miðbæjarskólans þar sem komið var inn á fræðslu um ýmislegt sem tengist kynheilbrigði, kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og myllumerkjum sem tengjast jafnréttismálum í samfélaginu seinustu misseri (t.d. #karlmennskan, #metoo, #sexdagleikinn og #FreeTheNipple). Einnig er þar fræðsluefni um heilbrigðan lífsstíl almennt.
- Þá var fengin fræðsla fyrir nemendur um #Sjúkást átakið hjá Stígamótum í febrúar 2019 og upplýsingaefni frá þeim hangir víða um skólann.
- Félagsmála- og forvarnafulltrúi skólans funda með stjórn nemendafélagsins í hverri viku (tími í stundatöflu) þar sem m.a. er farið yfir skipulag á viðburðum. Félagsmála- og forvarnafulltrúi eru á vakt á öllum böllum.
- Í apríl 2019 hélt jafnréttisfulltrúi erindi fyrir starfsfólk þar sem farið var yfir niðurstöður úr úrvinnslu Skólapúlsins og viðbrögð skólans.

- Stjórnendur ræddu strax við nemendur og starfsmenn sem voru nafngreindir í svörunum og bendlaðir voru við hegðun sem ekki er talin ásættanleg.
- Meiðandi skilaboð sem voru á korktöflu í kennslustofu voru fjarlægð og í staðinn var taflan þakin veggspjöldum frá jafnréttis- og mannréttindasamtökum.
- Útbúin voru þrjú veggspjöld með niðurstöðum úr vinnu nemenda. Þau hanga á vegg í Miðbæjarskólanum með niðurstöðum úr vinnu nemenda.

Haldið verður áfram að vinna með niðurstöður úr Skólapulsinum næsta skólaár og er stefnt á að leggja Skólapulsin fyrir haustið 2019. Áhugavert verður að bera saman niðurstöðurnar á milli ára.

## 2.7 Starfsmannakönnun

Könnun var send í tölvupósti til allra starfsmanna í október 2018, svarhlutfallið var 43,2%. Markmiðið var að leggja mat á skipulagða endurmenntun innan skólans (húsping), fá ábendingar um hvað ætti að fjalla um á næsta húspingi og hvort starfsmenn væru sammála/ósammála því að innleiða hér hugmyndafræði þá sem nefnd hefur verið Uppeldi til ábyrgðar/uppbygging sjálfsaga sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og ungmenna og þjálfá þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfunum.

Helstu niðurstöður:

- Yfir 90% þátttakenda taldi aðalfyrirlestur húspingsins mjög góðan eða góðan
- 82% töldu málstofurnar sem þeir mættu á mjög eða frekar góðar
- 84% voru mjög eða frekar sammála því að skólinn ætti að leggja áherslu á hugmyndafræði “Uppeldi til ábyrgðar/uppbygging sjálfsaga” í starfi sínu.

Til viðbótar gafst þátttakendum tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri í þremur opnum spurningum: Hvað fannst þér gott við húspingið, hvað mætti betur fara og hvaða fyrirlestra og/eða málstofur vilt þú fá á næstu húspingum. Hér komu fram ábendingar um að málstofur þyrftu að vera lengri og hlé á milli málstofa svo það gæfist svigrúm til spurninga og að fara á milli stofa. Starfsmönnum þótti þetta fyrirkomulag endurmenntunar góður vettvangur til að bæta skólastarfið og tækifæri fyrir starfsmenn að ná betur saman og ræða málin. Einnig komu fram góðar ábendingar og tillögur varðandi næstu húsping sem búið er að safna saman í eitt skjal til að nota þegar næstu húsping verða skipulögð.


## 2.8 Stofnun ársins

Könnunin Stofnun ársins hefur verið notuð í þágu innra mats skólans sem starfsmannakönnun og verður svo áfram. Könnunin tekur til allra starfsmanna ríkisstofnana, óháð stéttarfélagsaíld og sér Gallup á Íslandi um gagnasöfnun og úrvinnslu. Í könnuninni er spurt um stjórnun skólans, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunarinnar, ánægju, stolt og jafnrétti. Allt eru þetta gagnlegar upplýsingar og mikilvægur hluti af mati á skólanum. Eitt af markmiðum ársins var að stuðla að aukinni þátttöku starfsmanna í könnuninni en svarhlutfallið hefur verið undir og um 50%. Á skólaárinu voru starfsmenn reglulega hvattir til að taka þátt í könnuninni bæði af stjórnendum og forystu kennarafélagsins. Þessar aðgerðir skiluðu þeim árangri að svarhlutfallið hækkaði úr 46% vorönn 2018 í 70% á vorönn 2019.

Kvennaskólinn var í 17. sæti stofnana í sama stærðarflokki með heildareinkunnina 4,081 en árið 2019 fékk skólinn heildareinkunnina 4,11 sem raðar skólanum í 18. sæti.

Helstu niðurstöður: Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs

### Helstu niðurstöður - Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs



Tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs.



3

Þau fimm atriði sem komu best út hjá skólanum í könnuninni vorið 2019 eru:

1. Þegar á heildina er litið er stofnunin sem ég starfa hjá talin vera mjög traust (4,74/+0,54)
2. Þegar stofnunina, sem ég starfa hjá, ber á góma er sú umræða yfirleitt jákvæð (4,63/+0,59)
3. Mér kemur vel saman við samstarfsfólk mitt (4,61/+0,02)
4. Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti (4,59/+0,13)
5. Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á því að halda (4,58/+0,16)

Þau fimm atriði sem fengu lakasta útkomu hjá skólanum eru:

1. Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar (2,38/-0,86)
2. Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum (2,87/-0,02)
3. Ánægja með hljóðvist (2,91/-0,82)
4. Ánægja með launakjör (3,15/-0,19)
5. Ánægja með loftgæði (3,17/-0,46)

Niðurstöðurnar benda til þess að starfsmenn séu stoltir af skólanum þ.e. telja skólann njóta trausts og að almenn umræða um skólann sé jákvæð, starfsandinn sé góður og eru ánægðir með stjórnun skólans. Athygli vekur að starfsmenn Kvennaskólans telja það erfiðara hjá okkur að fara í sumarfrí/önnur frí en starfsmenn í öðrum skólum og launakjör séu lakari þrátt fyrir að skólarnir starfi allir samkvæmt sömu kjarasamningum hvað varðar launaröðun og starfstíma skóla. Þetta atriði þarf að ræða í starfsmannahópnum þannig að við fáum betri skýringar á þessum niðurstöðum.

Skólinn fékk einnig ítarlega greiningu á niðurstöðum er varða einelti, ofbeldi og áreitni. Þar kom fram að um 95% þátttakenda vissu að það væri til áætlun um viðbrögð við einelti og



kynferðislegri áreitni. Enginn (0%) hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum á síðastliðnum 12 mánuðum en fjórir starfsmenn (8,9%) töldu sig hafa orðið fyrir einelti á vinnustaðnum á síðastliðnum 12 mánuðum. Skólinn fékk ekki nánari útlistun á þessari niðurstöðu þar sem færri en 5 svarið svöruðu spurningunni um einelti játandi. Þessi niðurstaða var rædd sérstaklega í matshópnum og ákveðið að það þyrfti að skerpa á áætlun um einelti og upplýsa hvert viðkomandi geti leitað bæði innan skólans og utan.

## 2.9 Rýnihópar (vinnuhópar) kennara

Matshópurinn fór í gegnum gátlista sem gefinn hefur verið út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til notkunar við ytra mat. Í gátlistanum voru teknir fyrir flestir þættir skólastarfsins og voru þeir ræddir þar til hópurinn komst að sameiginlegri niðurstöðu. Í framhaldi af vinnu við undirbúning og söfnun gagna fyrir ytra mat á skólanum sem matshópurinn sá um var ákveðið að skipuleggja rýnihópa kennara á vinnudegi 28. maí 2019. Markmiðið var fyrst og fremst að fá hugmyndir starfsmanna um skólann og skólastarfið. Rýnihópar eru góð aðferð til að fá fram upplýsingar og annars konar innsýn í skoðanir starfsmanna en fást með einstaklingsviðtölum eða spurningakönnunum.

Kennurum var skipt upp í 8 hópa sem fengu það verkefni að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hverju viljið þið breyta í Kvennó og af hverju viljið þið þessar breytingar? (hvaða þætti skólastarfsins þarf að bæta og af hverju?)
2. Hvernig viljið þið breyta og hvað þarf að gera til að breytingarnar eigi sér stað?

Hóparnir sendu niðurstöður sínar inn rafrænt (O365 forms) ekki var gerð krafa um að hóparnir merktu svörin sín með nöfnum. Í júní voru svörin flokkuð og ákveðið að vinna með niðurstöður rýnihópanna á næsta skólaári.

## 3 Greining á niðurstöðum

### 3.1 Styrkleikar

- Skólinn stendur sig vel í því að veita nemendum það nám sem þeim ber
- Raunmæting nemenda er góð og brotthvarf er lítið.
- Nemendum finnst vinnuálag almennt hæfilegt miðað við einingafjölda, eru ánægðir með kennara sína og telja þá sýna áhuga á að þeir taki framförum í náminu.
- Nýnemar og forráðamenn eru ánægðir með móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og val sitt á skóla og segjast vera ánægðir með skólann.
- Í samanburði við aðra skóla þá eru nemendur í Kvennaskólanum undir meðaltali í neyslu á tóbaki og vímuefnum, þeim finnst aðgengi að kennurum og stoðþjónustu gott.
- Þriðja árs nemendur telja sig hafa verið frekar eða mjög vel undirbúna fyrir námið í Kvennaskólanum.
- Meirihluti nemenda á þriðja ári telur mjög eða frekar líklegt að skólinn yrði aftur fyrir valinu.
- Meirihluta núverandi nemenda og útskrifaðra nemenda, myndi mæla með námi við skólann.
- Almenn ánægja er með námsframboð í skyldunámi (kjarna) á öllum námsbrautum skólans.
- Nemendur eru almennt ánægðir með þjónustu mötuneytisins, skrifstofu skólans, stjórnendur og náms- og starfsráðgjafa.
- Mikill meirihluti útskrifaðra nemenda fer í nám eftir stúdentspróf og telur að námið í Kvennaskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám.

- Útskrifaðir nemendur voru ánægðastir með kennara skólans, skólabraginn og skipulag námsins.
- Starfsmenn eru stoltir af vinnustaðnum sínum og ánægðir með starf sitt.
- Starfsmenn eru ánægðir með skipulag húspinga (endurmenntun) og meirihluti er sammála því að skólinn leggi áherslu á hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar/uppbygging sjálfsaga“ í starfi sínu.
- Þátttaka í Stofnun ársins jókst mikið og starfsmenn eru almennt ánægðir og stoltir af skólanum og starfi sínu þar.

### 3.2 Tækifæri til umbóta

- Endurskoða og einfalda kennslu- og áfangamat til að auka þátttöku nemenda og auðvelda samanburð á milli ára.
- Efla fræðslu um mikilvægi svefns, neyslu á orkudrykkjum og skoða líðan nemenda betur eftir kyni.
- Skoða framboð valáfanga sérstaklega stærðfræðiáfanga fyrir hug- og félagsvísindabrautir og forritunaráfanga fyrir allar brautir.
- Fylgja eftir niðurstöðum úr Skólapúlsinum og meta hvort aðgerðir skólaársins hafi borið árangur.
- Fylgja eftir niðurstöðum úr könnuninni Stofnun ársins með starfsmannakönnun.
- Halda áfram að þróa innra mat á skólanum þannig að matið byggji á markmiðum skólans, nái til allra helstu þátta starfsins og að allir hagsmunahópar komi að matinu.
- Nota niðurstöður ytra matsins til umbóta og við stefnumótun.

## 4 Markmið og úrbætur

### 4.1 Eldri markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2018 – 2019

	<b>Markmið</b>	<b>Úrbætur</b>
<i>Halda áfram að vinna að bættu vinnulagi í innra mati skólans:</i>		Sjálfsmatshópur/matsteymi var sett í gang á skólaárinu samhliða söfnun gagna og skipulags varðandi ytra mat á skólanum sem fór fram á vorönn 2019. Þróun innra mats er enn í gangi og er matsteymið skipað fulltrúum stjórnenda og kennara, gagna er aflað frá öllum hagsmunahópum og megináhersla hefur verið á framkvæmd matsins. Það tekur tíma að þróa innra mat og í raun er matið sífellt í þróun. Við erum að stíga skref frá því að litið sé á innra matið sem „kröfu að ofan“ í það að matið verði sameiginlegt verkefni skólans þar sem unnið er að þróun.
<i>Leggja fyrir víðtækari könnun meðal útskrifaðra nemenda:</i>		Framkvæmd á vorönn 2019
<i>Leggja fyrir viðhorfs- og þjónustukönnun:</i>		Nýnemakönnun haust 2018 Könnun 3. árs nemenda vor 2019
<i>Leggja reglulega fyrir kannanir á meðal foreldra:</i>		Forráðamenn nýnema haust 2018

Vinna að endurbótum á húsbúnaði  
(kennslustofur, kennarastofur og  
vinnuherbergi):

Vinna áfram að lagfæringum á loftgæðum  
og hljóðvist:

Styrkja starf vinnuhópa sem eru í gangi:

- a) Student voices
- b) Bókasafn
- c) Húsbúnaðarhópur
- d) Hugvísindabraut

Styðja við stefnu skólans um Uppeldi til  
ábyrgðar og vinna að því að gera hana að  
sameiginlegu verkefni allra starfsmanna:

Vinna í gangi. Heldur áfram á skólaárinu 2019-2020
Vinna í gangi. heldur áfram á skólaárinu 2019-2020
<ol style="list-style-type: none"> <li>a) Ákveðið að allir kennarar mæti á lokaráðstefnu hópsins að hausti 2019</li> <li>b) Skipulag bókasafnsins er enn þá í vinnslu, lítið gert á skólaárinu vegna forfalla bókasafnsfræðings</li> <li>c) Endurnýjun húsbúnaðar í kennslustofum hafin. Framkvæmdir í samráði við starfsfólk.</li> <li>d) Brottfall úr hugvísindabekk mikið en ákveðið að skoða hvernig aðsókn verður að brautinni haustið 2019 og kanna hvort brotthvarf verði mikið og taka saman skýringar á brotthvarfi.</li> </ol>
Ákveðið að innleiða verkefnið í 1. bekk skólaárið 2019-2020 í samvinnu við umsjónarkennara og ráða verkefnastjóra til að stýra starfinu.

## 4.2 Markmið og úrbætur sem stefnt skal að á skólaárinu 2019 – 2020

### Markmið Úrbætur

Innra mat/sjálfsmat:	Halda áfram að vinna að bættu vinnulagi í innra mati skólans, skólaárið 2019-2020
Viðhorfs- og þjónustukannanir:	Halda áfram að leggja kannanir fyrir nemendur, forráðamenn og starfsmenn, skólaárið 2019-2020
Sækja um jafnlaunavottun:	Haustönn 2019 Samhliða undirbúningi fyrir jafnlaunavottun er skipurit skólans endurskoðað sem og allar starfslýsingar
Vinna að endurbótum á húsbúnaði:	Efna- og eðlisfræðistofa Kennarastofur og vinnuherbergi kennara Kennslustofur
Vinna áfram að lagfæringum á loftgæðum og hljóðvist í samvinnu við Ríkiseignir:	Skólaárið 2019-2020

<i>Styðja við stefnu skólans um Uppeldi til ábyrgðar og vinna að því að gera hana að sameiginlegu verkefni allra starfsmanna:</i>	Ráða verkefnastjóra Innleiða verkefni í 1. bekk í samvinnu við umsjónarkennara Meta hvernig til hefur tekist í lok skólaársins, könnun lögð fyrir umsjónarkennara
<i>Vinna í persónuverndarmálum:</i>	Búa til persónuverndarstefnu skólans og ráða persónuverndarfulltrúa – skólaárið 2019-2020
<i>Vinna með niðurstöður rýnihópa kennara:</i>	Ræða niðurstöðurnar í matshópnum (haustönn 2019) og upplýsa viðeigandi aðila þannig að sem flest komist til framkvæmda (vorönn 2020)
<i>Efla þjónustu við nemendur af erlendum uppruna:</i>	Þjóða upp á stöðupróf í pólsku (haustönn 2019) og vinna skipulega samkvæmt móttökuáætlun skólans. Leggja mat á hvernig til hefur tekist í lok skólaársins og breyta móttökuáætlun í samræmi við matið
<i>Bæta móttöku nýrra starfsmanna:</i>	Handbók starfsmanna endurskoðuð (haust 2019). Allir nýir starfsmenn fá leiðsagnarkennara á haustönn 2019. Leggja mat á hvernig til hefur tekist í lok skólaársins.
<i>Taka þátt í Skólapúlsinum:</i>	Greina niðurstöður m.t.t. vinnu sem farið var í á skólaárinu 2018-2019
<i>Auka samvinnu stjórnenda og starfsmanna:</i>	Fagstjórafundir (hefst haustönn 2019) og fundað með stjórn kennarafélagsins
<i>Kennslu- og áfangamat:</i>	Endurskoða spurningar í kennslu- og áfangamati vorönn 2020
<i>Ytra mat:</i>	Rýna í niðurstöður ytra matsins og setja fram aðgerðaáætlun (haustönn 2019)
<i>Skjalastjórnun:</i>	Innleiða skjalastjórnunarkerfi skólaárið 2019-2020. Ráða skjalastjóra (janúar 2020)
<i>Framtíðarsýn og markmið:</i>	Vinna að þriggja ára áætlun um starf og rekstrarmarkmið skólans haustönn 2019
<i>Heimasíða:</i>	Endurbætur og yfirferð á gögnum á heimasíðu skólans. Skipt um þjónustuaðila
<i>Skólasálfræðingur:</i>	Á vorönn 2019 var ráðinn sálfræðingur í 20% starf við skólann (1 dagur í viku). Á skólaárinu 2019-2020 er áætlað að auka starfshlutfall skólasálfræðingsins úr 20% í

*Endurmenntun starfsfólks:*

40% og auka samstarf hans og náms- og starfsráðgjafa

Skipuleggja námskeið sem fara fram á starfstíma skólans (fyrirlestrar og húsping). Hvetja starfsmenn til að sækja ráðstefnur þar sem fjallað er um málefni framhaldsskólans.

Reykjavík, 21. október 2019

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari  
Björk Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri sjálfsmats